

REGLUGERÐ

**um þjálfun sem sjúkratryggingar taka til og hlutdeild sjúkratryggðra
í kostnaði við þjálfun.**

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun og talþjálfun, sem veitt er samkvæmt samningi sem Sjúkratryggingar Íslands hafa gert um veitingu heilbrigðisþjónustu skv. IV. kafla laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar og þjálfun á göngudeildum heilbrigðisstofnana.

2. gr.

Sjúkratryggðir.

Sjúkratryggður er sá sem búsettur er á Íslandi og hefur verið það a.m.k. síðustu sex mánuðina áður en bóta er óskað úr sjúkratryggingum að uppfylltum öðrum skilyrðum laga um sjúkratryggingar, nema annað leiði af milliríkjasamningum, sbr. 10. gr. laga um sjúkratryggingar. Með búsetu er átt við lögheimili í skilningi lögheimilislaga. Börn yngri en 18 ára sem búsett eru hér á landi eru sjúkratryggð með foreldrum sínum. Sama á við um stjúpbörn og fósturbörn. Að öðru leyti gilda um það hverjir teljast sjúkratryggðir hér á landi ákvæði 10.-16. gr. laga um sjúkratryggingar.

Sjúkratryggingar Íslands ákvarða hvort einstaklingur teljist sjúkratryggður.

3. gr.

Orðskýringar.

Í reglugerð þessari hafa eftirfarandi orð svofellda merkingu:

1. **Þjálfun:** Sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun og talþjálfun.
2. **Aldraður:** Einstaklingur 67 ára og eldri og sjómaður 60 ára og eldri, sem stundað hefur sjómennsku í 25 ár eða lengur, sbr. 3. og 4. mgr. 17. gr. laga nr. 100/2007 um almanna-tryggingar.
3. **Öryrki:** Einstaklingur með örorkuskírteini frá Tryggingastofnun ríkisins.

4. gr.

Réttur sjúkratryggðs til þjáfunar og greiðslupátttaka sjúkratryggðs.

Sjúkratryggður sem þarf á þjálfun að halda, að mati læknis og þjálfara, á rétt á allt að 25 nauðsynlegum meðferðarskiptum á einu ári, þ.e. 365 dagar talið frá fyrsta meðferðarskipti. Sjúkratryggður á einnig rétt á nauðsynlegri viðbótarþjálfun skv. 6. gr., enda hafi Sjúkratryggingar Íslands samþykkt slíka meðferð áður en hún var veitt.

Greiðslur sjúkratryggðra einstaklinga fyrir þjálfun samkvæmt 1. mgr. skulu vera sem hér segir:

1. Börn undir 18 ára og einstaklingar með umönnunarkort frá Tryggingastofnun ríkisins skulu greiða 20% af umsömu heildarverði fyrir fyrstu 25 meðferðarskipti á einu ári en greiða ekkert gjald fyrir fyrirfram samþykkta viðbótarþjálfun.
2. Aldraðir og öryrkjar sem fá greidda óskerta tekjutryggingu frá Tryggingastofnun ríkisins skulu greiða 20% af umsömu heildarverði fyrir fyrstu 25 meðferðarskipti á einu ári en greiða ekkert gjald fyrir fyrirfram samþykkta viðbótarþjálfun.
3. Aldraðir og öryrkjar sem fá greidda skerta tekjutryggingu frá Tryggingastofnun ríkisins skulu greiða 20% af umsömu heildarverði fyrir fyrstu 25 meðferðarskipti á einu ári og 10% af umsömu heildarverði fyrir fyrirfram samþykkta viðbótarþjálfun.
4. Aldraðir og öryrkjar sem ekki fá greidda tekjutryggingu frá Tryggingastofnun ríkisins skulu greiða 30% af umsömu heildarverði fyrir fyrstu 25 meðferðarskipti á einu ári og 20% af umsömu heildarverði fyrir fyrirfram samþykkta viðbótarþjálfun.
5. Aðrir sjúkratryggðir einstaklingar skulu greiða 70% af umsömu heildarverði fyrir fyrstu 25 meðferðarskipti á einu ári og 40% af umsömu heildarverði fyrir fyrirfram samþykkta viðbótarþjálfun.

Ef samið er um hærra heildarverð fyrir tilgreinda hópa sjúkratryggðra eða tilgreinda meðferð reiknast greiðsla sjúkratryggðra einstaklinga út frá heildarverði fyrir almennt umsamda þjálfunar-meðferð. Þetta á þó ekki við um sérstakt umsamið skoðunargjald.

5. gr.

Heimameðferð.

Með heimameðferð er átt við nauðsynlega sjúkraþjálfunarmeðferð í heimahúsi fyrir sjúkra-tryggðan einstakling sem er þannig líkamlega á sig kominn að hann kemst ekki í meðferð á sjúkra-þjálfunarstofu.

Sjúkraþjálfari þarf að sækja fyrirfram um þáttöku Sjúkratrygginga Íslands í kostnaði við heimameðferð.

Fyrir heimameðferð sem Sjúkratryggingar Íslands hafa samþykkt, sbr. 2. mgr. greiðir sjúkra-tryggður sama gjald í krónum talið og vegna sjúkraþjálfunar á stofu, sbr. 4. gr. Í sérstökum tilvikum ef um mjög alvarlegt sjúkdómsástand (t.d. krabbamein eða sjúkdóm Parkinsons á lokastigi) eða mjög alvarlega fötlun er að ræða er Sjúkratryggingum Íslands heimilt að samþykkja heimasjúkraþjálfun án greiðslu sjúkra-tryggðs.

6. gr.

Viðbótarþjálfun og þjálfunarkort.

Ef nauðsyn er talin vera fyrir fleiri skiptum en 25 er Sjúkratryggingum Íslands heimilt í eftifarandi tilvikum, samkvæmt umsókn, að ákvarða viðbótarþjálfun sem sjúkratryggingar taka til, sbr. 4. gr., í samræmi við vinnureglur sem stofnunin setur sér:

1. Ef sjúkratryggður er með mjög skerta færni og áframhaldandi þjálfun er ótvírett nauðsynleg.
2. Ef sjúkratryggður er haldinn langvarandi sjúkdómi sem leitt getur til færniskerðingar sem áframhaldandi þjálfun getur að öllum líkindum seinkað eða komið í veg fyrir.
3. Ef um er að ræða áframhaldandi þjálfun sem er þáttur í nauðsynlegri endurhæfingu í kjölfar veikinda, aðgerðar eða slyss.
4. Ef um er að ræða fjölpætt vandamál sem ekki falla undir lið 1 – 3 þar sem þjálfun er nauðsynlegur hluti af endurhæfingarferli.

Umsókn um meðferð skal vera á því formi sem Sjúkratryggingar Íslands ákveða. Stofnunin skal hafa tekið afstöðu til umsóknarinnar innan tveggja vikna frá því að hún ásamt öllum nauðsynlegum gögnum er móttokin. Réttur hins sjúkratryggða til greiðsluþáttöku Sjúkratrygginga Íslands fellur niður ef meðferð er framkvæmd án umsóknar eða áður en stofnunin hefur tekið afstöðu til hennar.

Með fjölda skipta er átt við samanlagðan skiptafjölda sjúkratryggðs á ári í þjálfun, samkvæmt samningi Sjúkratrygginga Íslands, á göngudeildum heilbrigðisstofnana svo og talþjálfun skv. reglugerð nr. 1166/2007 þegar ekki er um samning að ræða.

Réttur til greiðsluþáttöku, skv. 4. gr. vegna viðbótarþjálfunar skal staðfestur með útgáfu skírteinis (þjálfunarkorts) þar sem fram komi hámarksfjöldi samþykktra viðbótarskipta.

Hver tvö skipti í hópméðferð hjá þjálfara, sbr. 1. mgr., teljast svara til eins skiptis í annarri þjálfun við útgáfu þjálfunarkorts. Það sama gildir um stutta meðferð.

7. gr.

Þjálfun á göngudeildum heilbrigðisstofnana.

Greiðslur sjúkratryggðra einstaklinga fyrir þjálfun á göngudeildum heilbrigðisstofnana skulu fara eftir ákvæðum 4. gr.

Skiftafjöldi í viðurkenndri iðjuþjálfun, sjúkraþjálfun og talþjálfun sem veitt er á göngudeildum heilbrigðisstofnana telst jafngildur og þegar um er að ræða þjálfun, sem Sjúkratryggingar Íslands hafa samið um, sbr. 1. gr. og getur nýst til öflunar þjálfunarkorts, skv. 6. gr., sbr. og 9. gr. reglugerðar nr. 1204/2008 um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðispjónustu.

Þær heilbrigðisstofnanir sem veita þjálfun skulu senda Sjúkratryggingum Íslands reglulega upplýsingar um skiftafjölda einstaklinga sem hjá þeim eru í meðferð.

8. gr.

Sjúkraþjálfun á hestbaki.

Um greiðslur sjúkratryggðra vegna nauðsynlegrar þjálfunar á hestbaki vegna skaða í miðtauga-kerfi fer samkvæmt ákvæðum 4. gr. Með sjúkraþjálfun á hestbaki er átt við þjálfun sem framkvæmd er af sjúkraþjálfara sem hefur sérþekkingu á sjúkraþjálfun á hestbaki og starfar samkvæmt samningi við Sjúkratryggingar Íslands, enda taki samningurinn til þjálfunar á hestbaki. Hesturinn telst þjálfunartæki sem beitt er af þeim sjúkraþjálfurum sem hafa kunnáttu til.

Um sjúkraþjálfun á hestbaki gildir 2. mgr. 4. gr. og ákvæði 6. og 9. gr.

9. gr.

Vottorð.

Sjúkratryggingar Íslands geta krafist vottorðs frá þjálfara eða lækni sjúklings um nauðsyn þjálfunar, einkum vegna þjálfunarmeðferða umfram 25 á ári og vegna annarrar langtímaðferðar.

10. gr.

Stjórnsýslukærur.

Rísi ágreiningur um grundvöll, skilyrði eða upphæð greiðslna fyrir þjálfun samkvæmt reglugerð þessari er heimilt að kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar almannatrygginga samkvæmt lögum um almannatryggingar. Um kærur vegna 7. gr. fer samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

11. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í 21. og 29. gr. laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar öðlast gildi 1. október 2009. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 354/2005 um greiðsluþáttöku Tryggingastofnunar ríkisins í þjálfun, með síðari breytingum.

12. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við talningu meðferðarskipta sjúkratryggðs einstaklings til ákvörðunar á greiðsluhlutdeild samkvæmt 4. gr. reglugerðar þessarar skulu teljast með viðeigandi meðferðarskipti á gildistíma reglugerðar nr. 354/2005 um greiðsluþáttöku Tryggingastofnunar ríkisins í þjálfun, með síðari breytingum.

Heilbrigðisráðuneytinu, 21. ágúst 2009.

Ögmundur Jónasson.

Berglind Ásgeirs dóttir.

B-deild – Útgáfud.: 24. ágúst 2009